

Fjölbrautaskólinn við Ármúla	
Fundargerð skólanefndarfundur	

Fundinn sátu:	Edda Björg Benónýsdóttir (fjármálastjóri), Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson (aðalmaður skv. tilnefningu Reykjavíkurborgar), Petra Bragadóttir (aðalmaður án tilnefningar), Magnús Ingvason (skólameistari), Magnús Sigurbjörnsson (varamaður án tilnefningar), Sigríður Ragna Sigurðardóttir (formaður skólanefndar), Krístrún Birgisdóttir (aðstoðarskólameistari og fundargerðarritari), Pétur Pétursson (aðalmaður án tilnefningar) og Róbert Örvar Ferdinandsson (fulltrúi kennara).
Forföll:	Margrét Sanders (Aðalmaður án tilnefningar) og Anna Zue (fulltrúi nemenda).
Staður:	Fundarherbergi stjórnendagangi
Dags og tími:	9. mars 2023, klukkan 12:00

Dagskrá fundar:

1. Skólastarfið
2. Fjármál
3. Önnur mál

Sigríður Ragna setti fundinn og lagði fundargerð síðasta fundar upp til samþykkis. Fundargerðin var samþykkt.

1. Skólastarfið

Magnús fór yfir skólastarf annarinnar. Punktur frá samantekt skólameistara:

- 837 nemendur hófu nám í dagskóla á vorönn og 1305 nemendur í fjarnámi
- Þrír nýir kennarar hófu störf á þessari önn fyrir staðinn fyrir þrjá sem eru í leyfi. Þá eru tveir nýir starfsmenn í nýjum störfum; Sæþór Ólafsson, áfangastjóri sem ráðinn var í stað Guðrúnar Narfadóttur og Unnar Þór Bachmann, gæðastjóri sem ráðinn var í stað Jónu Guðmundsdóttur. Bæði Guðrún og Jóna hættu störfum vegna aldurs.
- Föstudagspóstur hóf göngu sína í breyttu formi á þessari önn. Formaður skólanefndar óskaði eftir því að skólanefndin fengi föstudagspósta senda hér eftir og var það samþykkt.
- Heilsustyrkur til starfsmanna var hækkaður úr 15.000 kr. í 20.000 kr. á ári
- Skólinn tekur þátt í 11 Evrópuverkefnum á önninni.
- Ráðuneytisstjóri mennta- og barnamálaráðuneytisins (Erna Kristín Blöndal) kom í heimsókn í janúar.
- Magnús hefur fundað með ráðherra vegna fyrirhugaðrar eflingu á fjölda nemenda í námi í heilbrigðisgreinum.
- Hleðslustöðvum fyrir rafbíla var nýlega fjölgað úr fjórum í átta.

- Í febrúar var haldin heilsuvika í skólanum sem heppnaðist vel. Skólinn var í fyrsta sæti í Lífshlaupinu bæði í flokki nemenda og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl standa yfir og áætlað er að skólameistarar nái að ljúka viðtölum á þessari önn.
- Skólinn fékk úthlutað 9,2 milljóna króna styrk í tenglum við kjarasamning við KÍ. Útfærsla á notkun styrksins var sett inn í stofnanasamning KÍ, n.t.t. 7.gr. sjá nánar: <https://www.ki.is/media/mzmkwv0x/fa-stofnanasamningur-des2021.pdf>
- Árdagur var haldinn í síðustu viku þar sem yfir 400 nemendur skiptu sér í 19 hópa sem leystu í sameiningu ýmis verkefni/prautil sem starfsmenn höfðu skipulagt. Að því loknu var Pizzuveisla og tónlistakeppni haldin þar sem níu keppendur tóku þátt.
- Skólinn tók fyrir nokkru síðan við Grænfánanum í níunda sinn og hefur hlotið Grænfánann oftast allra framhaldsskóla.
- Daginn eftir Árdaginn var haldinn starfsþróunardagur þar sem skólameistari, tók fyrir hönd skólans, við viðurkenningu fyrir að hafa uppfyllt skilyrði fimmta og síðasta skrefs í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri.
- Í febrúar fékk skólinn um 20 konur í heimsókn frá Alfadeild Delta Kappa Gamma sem höfðu áhuga á því að kynnst starfsemi skólans og þá sér í lagi starfsemi heilbrigðisskólans.
- Skólinn hlaut á dögunum viðurkenningu fyrir þriðja sæti í könnuninni „Stofnun ársins“ sem Sameyki stendur fyrir. Með árangrinum fylgir að skólinn telst til þeirra sem mega nota titilinn „Fyrirmyndarstofnun 2022.“
- Grunnskólakynningar standa yfir. Alls koma átta skólar og þar með nokkur hundruð nemenda í 10. bekk í skólann til að kynna sér námsframboð og fleira.
- Á laugardaginn verður haldin árshátíð starfsmanna.
- Í næstu viku tekur skólinn þátt í „Mín framtíð“ sem haldin verður í Laugardalshöll en þangað sækja m.a. nemendur sem ljúka grunnskóla í vor til að fá kynningu á námsframboði framhaldsskóla. Í þar næstu viku verður opið hús í skólanum þar sem 10. bekkjum og
- forráðamönnum þeirra verður boðið upp á kynningu á skólanum.

2. Fjármál

Magnús og Edda fóru lauslega yfir fjármál skólans. Fram kom í máli þeirra að af skólanum voru teknar um 70 milljónir (uppsafnaður „hagnaður“) og 9,2 milljónir vegna hagræðingarkröfu.

Sigríður Ragna óskaði eftir sundurliðun á fjármálum skólans. Edda spurði hvort ekki væri í lagi að beðið væri með að senda þær upplýsingar þar til ársreikningur lægi fyrir og var það samþykkt.

3. Önnur mál og umræður

Sigríður Ragna lagði til að farið yrði yfir hlutverk skólanefndar til þess að hægt yrði að hafa fókusið betur á hlutverki nefndarinnar. Einnig nefndi hún að skólanefnd væri tengiliður skólans við ráðherra og gæti t.d. unnið að ákveðnum verkefnum er snúa að hagsmunum skólans.

Sigríður Ragna óskaði eftir því að hér eftir yrði sett á dagskrá skólanefndarfunda skýrsla frá fulltrúa kennara þar sem fram kæmi m.a. það sem rætt væri á fundum kennara. Enn fremur óskaði hún eftir því að Róbert segði frá því sem hefði verið til umræðu í kennarahópnum.

Róbert sagðist ekki undirbúinn til að ræða þetta þar sem þetta hefði ekki verið á dagskrá. Hann lísti yfir áhyggjum af hópi erlendra nemenda og þá aðallega því að kennsla þeirra skapaði mikið álag á

kennara. Róbert sagðist hafa átt samtalið við kennara í gær þar sem fram hefði komið að kennslan væri mikið á einstaklingsgrundvelli. Enn fremur sagði Róbert að það væri ekki hægt að líta bara á stofnanasamning því það væri ekkert vinnumat sem næði yfir þetta.

Róbert sagði kennara þurfa stuðning og að það vantaði betri kjör. Magnús svaraði því til að það skv. heimasíðu KÍ þá væru kennarar skólans yfir meðaltali þegar litið er til annarra framhaldsskóla. Magnús benti á að í skólanum væru í það minnsta 27 kennarar með milljón í laun á mánuði. Róbert sagði milljón ekki vera merkileg laun og sagði að þau laun væru sambærileg þeim sem fengjust fyrir störf í verslunum. Máli sínu til stuðnings sagði hann starfsmenn IKEA vera með milljón á mánuði.

Róbert sagði einnig vanta upp á afgreiðslu mannauðsmála og spurði hvort það væri engin mannauðsstefna í skólanum. Magnús benti á að stefnur skólans væru allar á heimasíðu skólans og þ.m.t. starfsmannastefna. Til nánari fróðleiks má sjá starfsmannaáætlun skólans hér: <https://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/starfsmannaaetlun/>

Magnús nefndi einnig að markvisst væru AM hópar (námshópar sem ætlaðir eru erlendum nemendum sem litla eða enga íslensku) hafðir fámennari sem gerði það að verkum að kennarar væru, samkvæmt vinnumati, að fá greitt fyrir fleiri nemendum en þeir kenndu.

Sigríður Ragna sagði það auðsjáanlega vera erfitt fyrir kennara að kenna erlendum nemendum og spurði í hvernig áföngum eru AM nemendur og Magnús svaraði því til að það færi eftir getu þeirra. Í skólanum væru nokkrir áfangar í boði sem sérstaklega væru ætlaðir AM nemendum til viðbótar við kennslu í íslensku.

Gústav Adolf spurði um hlutfall nemenda af erlendum uppruna miðað við aðra skóla. Magnús svaraði því til að í skólanum væru á bilinu 120 -130 nemendur af erlendum uppruna en sumir úr þeim hópi væru fæddir á Íslandi. Magnús sagði einnig að þrír skólar, Tækniskólinn, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Fjölbrautaskólinn við Ármúla, bæru hitann og þungann af því að taka við erlendum nemendum í nám. Pétur spurði hvort breytingar hefðu orðið á fjölda nemenda síðustu misseri og svaraði Magnús því til að fjölgun hefði verið sem m.a. væri tilkominn vegna fjölgunar á flóttamönnum hér á landi. Magnús sagði einnig frá því að málefni AM nemenda hefðu verið rædd þegar ráðherra mennta- og barnamála kom í heimsókn í skólann á önninni. Hann sagði það hafa komið ráðherra á óvart hvernig nemendasamsetning skólans væri.

Petra spurði hvort ekki væri hægt að sækja meira fjármagn fyrir þennan hóp og hvort ekki hefði t.d. verið hægt að sleppa því að draga fjármuni af skólanum í ljósi þess hve stór hópur erlendra nemenda stundar nám við skólann. Rætt var lauslega hvort skólanefnd gæti beitt sér fyrir því að sækja fjármagn til ráðuneytisins vegna þessa.

Róbert sagðist ekki hafa verið ánægður með starfsþróunardaginn. Hann spurði einnig hvort ekki væri búið að segja upp starfsmanni sem sinnti umhverfismálum. Hvorki Magnús, Krístrún né Edda könnuðust við að starfsmanni hefði verið sagt upp og því óskaði Krístrún eftir nánari útskýringu á því hvað Róbert ætti við. Róbert svaraði litlu, sagðist hafa átt við að það væri ekki lengur neinn fastur aðili sem sæi um þessi mál. Magnús sagði að breyting hefði verið á starfi umhverfisfulltrúa þ.e. að nú fengu þeir sem ynnu að umhverfismálum greitt eftir þeim tíma sem þeir væru að vinna fyrir þau verkefni. Áður hefðu umhverfisfulltrúar verið tveir og fengið fyrir stöðuna greidda ákveðna tíma. Síðar hefði komið í ljós að ójafnvægi í vinnuframlagi umhverfisfulltrúa hefði skapað óánægju hjá þeim sem sinnti starfinu betur og því hefði verið tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulaginu. Róbert sagði að þetta hefði ekki verið kynnt fyrir starfsmönnum og Magnús benti honum á að þetta hefði bæði verið kynnt á starfsmannafundi og í föstudagspósti um leið og breytingarnar tóku gildi.

Rætt var um nýtt verklag er varðar leyfi starfsmanna á vinnutíma og sagt frá því að allir gætu óskað eftir leyfi en lögð væri rík áhersla á að nemendur fengju kennslu í forföllum kennara. Greitt væri fyrir forfallakennslu og að sama skapi væri dregin laun af starfsmönnum sem væru í leyfi utan orlofstíma. Róbert sagði að það væru margir mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag og að þessi breyting hefði dregið skólann niður í ytri úttekt. Magnús sagði það ekki vera rétt og sagðist vita að fjórir starfsmenn væru óánægðir með fyrirkomulagið en einnig hefðu margir lýst ánægju sinni með breytingarnar. Hann sagði einnig að þetta hefði ekki haft áhrif á ytri úttekt sem hefði komið mjög vel út. Pétur lýsti undrun sinni á því að einhverjir héldu að þeir gætu tekið frí á launum ef þeir ættu það ekki inni. Krístrún tók undir þau orð og sagði að undir venjulegum kringumstæðum væri fólk vant því að ef það tæki frí sem ekki flokkaðist undir orlof þá væri það dregið af launum. Hún sagði enn fremur að af kennurum væri ekki dreginn heill dagur, líkt og hjá flestum stofnunum, þ.e. aðeins væru dregnir af þeir tímar sem viðkomandi kennari sleppti að kenna vegna leyfis.

Spurt var um af hverju ekki væri fulltrúi nemenda á fundinum. Krístrún skýrði frá því að fulltrúi nemenda hefði óvænt forfallast.

Petra spurði hvort ekki yrði haldið boð fyrir Júbílanta í vor og Magnús svaraði því að svo yrði.

Sigríður Ragna skilaði kveðju frá Alfa deild Delta Kappa Gamma og að þær vildu leggja áherslu á að skólinn þyrfti að auglýsa nám heibrigðisskólans betur. Rætt var um hvar væri best að ná til nýrra nemenda og bent var á að krakkar væru lítið í því að lesa dagblöð. Því væri árangursríkara að nota samfélagsmiðla til að ná til þess hóps.

Fundi var slitið klukkan 12:55. Næsti fundur skólanefndar boðaður þann 11. maí n.k. klukkan 12:00.